



Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og skattanefnd  
b/t Eiríks Áka Eggertssonar  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. nóvember 2008.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/1978 um stimpilgjald, með síðari breytingum (26. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem ætlað er að fella niður stimpilgjöld tengdum íbúðarkaupum.*

Viðskiptaráð hefur lengi barist fyrir því að skattkerfið héraendis verði einfaldað og að samkeppnishæfni Íslands verði tryggð í því tilliti. Hvað það varðar hefur Viðskiptaráð ítrekað lagt áherslu á að stimpilgjöld verði afnumin, enda er um afar ósanngjarna gjaldtöku að ræða þar sem fjárhæðir eru ekki í nokkru samræmi við þá þjónustu sem veitt er af hálfu hins opinbera. Ráðið fagnar því frumvarpinu, en leggur þó áherslu á að stíga þurfi skrefið til fulls og afnema stimpilgjöld að fullu.

**Viðskiptaráð leggur því til að frumvarpið nái fram að ganga en hvetur jafnframt til að hafist verði handa við að stíga skrefið til fulls og afnema stimpilgjöld með öllu.**

Virðingarfyllt,

*Haraldur I. Birgisson*

---

Haraldur I. Birgisson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs